

L Ö G

um breyting til bráðabirgða á lögum nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Varðandi kjarasamninga opinberra starfsmanna, er taki gildi 1. janúar 1968, eru um málsmeðferð gerðar þessar breytingar á lögum nr. 55/1962:

1. Uppsagnarfrestur kjarasamninga samkvæmt 8. gr. framlengist til 1. september 1967.
2. Frestur sáttasemjara ríkisins samkvæmt 2. mgr. 12. gr. til að taka kjaradeilu til meðferðar framlengist til 1. október 1967.
3. Frestur aðilja samkvæmt 1. mgr. 14. gr. til að senda Kjaradómi greinargerðir framlengist til 1. nóvember 1967.
4. Frestur Kjaradóms samkvæmt síðara málslið 16. gr. til að leggja dóm á ágreiningsfni framlengist til 1. desember 1967.

2. gr.

Í stað ákvæðis laganna til bráðabirgða komi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Eftirfarandi samkomulag Bandalags starfsmanna ríkis og bæja annars vegar og fjármálaráðherra hins vegar frá 29. desember 1966 og 5. janúar 1967 skal hafa lagagildi:

„Nú þegar hefjist heildarathugun á skipun starfsmanna í launaflokka, og verði henni lokið eigi síðar en í árslok 1968. Athugun þessari verði stjórnað af tveimur starfsmönnum, öðrum frá fjármálaráðuneytinu, en hinum frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, er geri síðan tillögur til breytinga og samræminga, er verði lagðar fyrir báða samningsaðilja. Á þann hátt verði reynt að ná samkomulagi um lagfæringar á flokkaröðuninni og jafnframt reynt að koma á starfsmatskerfi til frambúðar. Ágreiningi, sem ekki tækist að leysa, verði þá heimilt að skjóta til Kjaradóms, sem fjalli um hann á sama hátt og önnur ágreiningsatriði, og gildi samningur um röðun eða dómur Kjaradóms um það atriði frá 1. janúar 1968.

Rökstuddar tillögur, sem fram koma um leiðréttingar og samræmingu starfsheita, sem samningsaðiljar eru sammála um að unnt sé að gera fyrir gildistöku næsta samnings (árslok 1967), skulu teknar upp sem bráðabirgðasamkomulag aðilja.

Um aðra þætti þeirra kjaramála, sem kjarasamningalögin taka til, verði fjallað á venjulegan hátt við næstu samningsgerð, sbr. ákvæði laganna“.

Ágreining um framangreind efni, sem eigi hefur verið til lykta leiddur 1. janúar 1969, tekur Kjaradómur þegar til meðferðar, og skal hann hafa lokið dómsorði á

ágreiningsefni eigi síðar en 1. febrúar 1969. Aðiljar geta á fyrra stigi máls vísað því til Kjaradóms, séu þeir um það sammála, og kveður Kjaradómur þá á um deiluatríði innan mánaðar frá því málsskoti.

Mál þessi sæta eigi sáttameðferð samkvæmt III. kafla.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson. Birgir Finnsson. Gizur Bergsteinsson.
(L. S.)

Magnús Jónsson.

FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1965.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Til viðbótar við þau gjöld, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1965, eru veittar kr. 977 575 348.74 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. grein.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A er veitt:

1. Póstur og sími	kr.	91 799 145.90
en tekjur fóru kr. 59 420 681.13 fram úr fjárlagaáætlun.		
2. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins	—	31 015 839.84
af kr. 55 655 989.00 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
3. Ríkisútvarp	—	3 734 845.02
en tekjur fóru kr. 1 882 205.34 fram úr fjárlagaáætlun.		
4. Viðtækjaverzlun	—	463 745.49
af kr. 742 795.58 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
5. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg	—	697 944.17
af kr. 1 225 735.85 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
6. Áburðarsalan	—	2 899 292.68
af kr. 3 198 168.78 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
7. Landsmiðjan	—	1 281 112.23
af kr. 1 314 413.85 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
8. Innkaupastofnun ríkisins	—	2 001 157.99
af kr. 3 970 276.27 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
9. Bessastaðabú	—	859 388.88
en tekjur fóru kr. 305 632.70 fram úr fjárlagaáætlun.		